

2000/EES/55/03

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 93/1999

frá 16. júlí 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-
svæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um
breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54r (reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97) í XII. kafla
II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„54s. **398 L 0053:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
98/53/EB frá 16. júlí 1998 um sýnatöku- og grein-
ingaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni
tiltekinnna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L
201, 17.7.1998, bls. 93).“

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/1999 frá 28. maí
1999⁽¹⁾.

3. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 frá
16. júlí 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 frá
31. janúar 1997 um hámarks magn tiltekinnna mengunarefna
í matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 1525/98 og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar
98/53/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við
útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB frá 16. júlí
1998 um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers
eftirlits með magni tiltekinnna mengunarefna í matvælum⁽³⁾
skal felld inn í samninginn.

4. gr.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því
tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr.
samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-
nefndinni.

1. gr.

5. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54r (reglugerð fram-
kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97) í XII. kafla II.
viðauka við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

„, eins og henni var breytt með:

– **398 R 1525:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 1525/98 frá 16. júlí 1998 (Stjtíð. EB L 201,
17.7.1998, bls. 43).“

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

N. v. Liechtenstein

formaður.

(¹) Stjtíð. EB L 284, 9.11.2000, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtíð. EB
nr. 51, 9.11.2000, bls. 4.

(²) Stjtíð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 43.

(³) Stjtíð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1525/98**frá 16. júlí 1998****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarks-
magn tiltekinna mengunarefna í matvælum(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nokkur aðildarríkjanna hafa samþykkt, eða áforma að samþykkja, leyfilegt hámarks-
magn aflatoxína í ákveðnum fæðutegundum.

Með hliðsjón af ósamræmi milli aðildarríkjanna og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á vettvangi bandalagsins í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt hlutfalls-regluna í heiðri.

Af þessum sökum þarf að bæta ákvæðum við í reglugerð ráðsins (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um leyfilegt hámarks-
magn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾.

Aflatoxín eru sveppaeitur sem myndast í tilteknum tegundum könnusveppa (*Aspergillus*) sem þrífast þar sem heitt er og rakt. Aflatoxín geta fundist í mörgum fæðutegundum.

Aflatoxín, einkum aflatoxín B1, eru krabbameinsvaldandi erfðaeitur. Fyrir þessi efni eru engin skilgreind mörk þar sem gera má ráð fyrir að viðkomandi efni, séu þau undir mörkunum, hafi engin skaðleg áhrif. Af þessum sökum er ekki hægt að ákvarða leyfilegan hámarksdagskammt. Núverandi vísinda- og tækniþekking og framfarir, sem orðið hafa á sviði framleiðslu og geymslu, hafa ekki komið í veg fyrir vöxt þessara myglusveppa og þar af leiðandi hefur ekki reynst mögulegt að tryggja að aflatoxín finnst

alls ekki í matvælum. Af þessum sökum er hyggilegast að ákvarða mörkin svo lág sem framast er unnt.

Setja ber reglur um leyfilegt hámarks-
magn efna sem telst viðunandi í einstaka þurrkuðum og/eða unnum landbúnaðarafurðum og í samsettum matvælum í því augnamiði að tryggja heilsuvernd manna og eðlilega starfsemi innri markaðarins með tilliti til slíkra afurða.

Hvetja ber til allra aðgerða sem miða að því að bæta aðferðir við framleiðslu, uppskeru og geymslu sem draga úr líkum á að myglusveppir þrífist.

Aflatoxín eru flokkur efna sem nær til fjölda efnasambanda með mismunandi eiturverkun og þau eru misjafnlega algeng í matvælum. Aflatoxín B1 er langeitraðast þessara efnasambanda. Til öryggis er ráðlegt að takmarka bæði heildarmagn aflatoxína í matvælum (efnasamböndin B1, B2, G1 og G2) og innihald aflatoxíns B1.

Aflatoxín M1 er efnaskiptaafurð aflatoxíns B1 og finnst í mjólk og mjólkurafurðum úr dýrum sem hafa fengið mengað fóður. Þótt aflatoxín M1 sé ekki talið jafnhættulegt krabbameinsvaldandi erfðaeitur og aflatoxín B1 er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að það finnst í mjólk og mjólkurafurðum ætluðum til manndis, einkum ef þessar afurðir eru ætlaðar ungum börnum.

Viðurkennt er að draga megi úr innihaldi aflatoxína í jarðhnetum, hnetum og þurrkuðum ávöxtum með flokkun eða öðrum aðferðum. Til þess að draga sem mest úr áhrifum á verslun skal leyfa meira innihald aflatoxína í þeim afurðum sem eru ekki ætlaðar beint til manndis eða eru innihaldsefni í matvælum. Í þeim tilvikum er leyfilegt hámarks-
magn ákvarðað þannig að tekið er tillit bæði til mögulegs árangurs af framangreindum aðferðum hvað varðar jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti og til þeirrar nauðsynjar að virða þau mörk sem sett hafa verið og gilda um þessar afurðir, sem ætlaðar eru beint til manndis eða nota á sem innihaldsefni í matvælum, þegar þær hafa verið meðhöndlaðar með fyrrgreindum aðferðum. Með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar má endurskoða ákvæðin um leyfilegt hámarks-
magn fyrir óunnar hnetur og þurrkaða ávexti innan tiltekins tíma.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtöð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 43, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtöð. EB L 37, 13. 2. 1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtöð. EB L 31, 1. 2. 1997, bls. 48.

Hvað korn varðar er ekki hægt að útiloka að draga megi úr aflatoxínmengun með flokkun eða öðrum aðferðum. Til þess að ganga úr skugga um raunverulegan árangur þessara aðferða og, ef nauðsyn ber til, til þess að ákvarða sérstakt leyfilegt hámarks magn fyrir óunnið korn er gert ráð fyrir að ákvæði um leyfilegt hámarks magn í viðaukanum gildi í takmarkaðan tíma og eingöngu um korn og unnar afurðir úr því sem ætlaðar eru beint til manneldis eða til nota sem innihaldsefni í matvælum. Ef gögn, sem réttlæta það að ákvarðað verði sérstakt leyfilegt hámarks magn fyrir óunnið korn, liggja ekki fyrir innan nánar tiltekins tíma skulu þau gildi, sem sett eru um leyfilegt hámarks magn í því korni og afurðum unnum úr því, sem ætluð eru beint til manneldis eða til nota sem innihaldsefni í matvælum, einnig gilda um óunnið korn.

Heppilegt er að gefa upp til hvers á að nota þær afurðir sem hér um ræðir með því að merkja þær á viðeigandi hátt svo að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með þeim með tilliti til hinna ýmsu ákvæða um leyfilegt hámarks magn sem sett hafa verið.

Afurðir, sem innihalda meira af aflatoxínum en heimilt er samkvæmt ákvæðum um leyfilegt hámarks magn, mega ekki fara í dreifingu, hvorki óbreyttar, blandaðar öðrum matvælum né sem innihaldsefni í öðrum matvælum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 315/93 geta aðildarríkin haldið í gildi innlendum ákvæðum, sem varða leyfilegt hámark aflatoxína í ákveðnum matvælum, hafi ekki verið sett nein bandalagsákvæði um þau.

Eins og nú standa sakir nægir að setja almenn ákvæði um unnin og samsett matvæli. Ef nauðsyn krefur er heimilt að setja ákvæði um leyfilegt hámark aflatoxína í unnum og samsettum matvælum.

Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli varðandi ákvæði, sem geta haft áhrif á almannaeilbrigði, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 315/93.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 194/97 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

- „1. a) Þegar vörurnar, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, eru markaðssettar skulu þær ekki innihalda mengunarefni yfir þeim mörkum sem eru tilgreind þar.
- b) Þau ákvæði um mesta leyfilega hámarks magn, sem gilda um afurðirnar sem mælt er fyrir um í liðum I.2.1.1.1 og I.2.1.2.1 í viðaukanum, skulu einnig gilda um unnar afurðir úr þeim hafi ekki verið sett sérstök ákvæði um leyfilegt hámarks magn í þeim unnu afurðum sem hér um ræðir.
- c) Ákvæðin um leyfilegt hámarks magn, sem gilda um þurrkaðar eða unnar mjólkurafurðir eða afurðir samsettar úr tveimur eða fleiri innihaldsefnum, skulu vera þau sem mælt er fyrir um í lið I.2.1.3 í viðaukanum um mjólk, að teknu tilliti til breytinga á styrkleika sem stafa af þurrkuninni eða vinnsluferlinu eða breytinga á hlutfallslegum styrk innihaldsefna í afurðinni hafi ekki verið sett sérstök ákvæði um leyfilegt hámarks magn í þessum þurrkuðu, unnu eða samsettu afurðum.”

2. Í 2. gr. bætist við eftirfarandi 4. og 5. mgr.:

- „4. Hvað varðar afurðirnar sem nefndar eru í lið I.2.1 í viðaukanum er lagt bann við því:
 - að blanda afurðum, sem samræmast þeim ákvæðum um leyfilegt hámarks magn sem mælt er fyrir um í viðaukanum, saman við afurðir sem innihalda meira en leyfilegt hámarks magn eða blanda afurðum, sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum aðferðum, saman við afurðir sem eru ætlaðar beint til manneldis eða á að nota sem innihaldsefni í matvælum,
 - að nota afurðir, sem samræmast ekki þeim ákvæðum um leyfilegt hámarks magn sem mælt er fyrir um í liðum I.2.1.1.1, I.2.1.2.1 og I.2.1.3, sem innihaldsefni við framleiðslu á öðrum matvælum,
 - að afeitra afurðir með efnameðhöndlun.

5. Setja má á markað jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti, sem samræmist ekki þeim ákvæðum um leyfilegt hámarksmagn sem mælt er fyrir um í lið I.2.1.1.1 í viðaukanum, og korn sem samræmist ekki þeim ákvæðum um leyfilegt hámarksmagn, sem mælt er fyrir um í lið I.2.1.2.1, að því tilskildu að:

a) þessar afurðir:

- séu hvorki ætlaðar beint til manneðis né til nota sem innihaldsefni í matvælum,
- samræmist þeim ákvæðum um leyfilegt hámarksmagn í jarðhnetum sem mælt er fyrir um í lið I.2.1.1.2 í viðaukanum og ákvæðum um hnetur og þurrkaða ávexti í lið I.2.1.1.3 í viðaukanum, og
- séu meðhöndlaðar með flokkun eða öðrum aðferðum og að leyfilegt hámarksmagn, að lokinni þeirri meðhöndlun, sé ekki umfram það hámarksmagn, sem mælt er fyrir um í liðum I.2.1.1.1 og I.2.1.2.1 í viðaukanum, og að þessi meðhöndlun hafi ekki í för með sér myndun annarra skaðlegra efnaleifa;

b) fyrirhuguð notkun þessara afurða sé sýnd með skýrum merkingum þar sem fram kemur að „afurðina verður að flokka eða meðhöndla með öðrum aðferðum til þess að draga úr innihaldi aflatoxína áður en hún er notuð til manneðis eða hún er notuð sem innihaldsefni í matvælum“.

3. Eftirfarandi texta er bætt við í lið I, „Mengunarefni í landbúnaði“ í viðaukanum:

„2. Sveppaeitur (mýkótóxín)

2.1. Aflatoxín

Afurðir	Aflatoxín: leyfilegt hámarksmagn ⁽¹⁾ (µg/kg)			Sýnatöku- aðferð	Tilvísunar- greiningaraðferð
	B ₁	B ₁ +B ₂ +G ₁ +G ₂	M ₁		
2.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir					
2.1.1.1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og unnar afurðir úr þeim, ætluð beint til manneðis eða sem innihaldsefni í matvælum.	2 ⁽⁴⁾	4 ⁽⁴⁾	–	Tilskipun 98/53/EB (*)	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.2. Jarðhnetur sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneðis eða notaðar sem innihaldsefni í matvælum.	8 ⁽⁴⁾	15 ⁽⁴⁾	–	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.3. Hnetur og þurrkaðir ávextir sem flokka á eða meðhöndla með öðrum aðferðum áður en þau eru notuð til manneðis eða notuð sem innihaldsefni í matvælum	5 ⁽⁴⁾⁽⁵⁾	10 ⁽⁴⁾⁽⁵⁾	–	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB

Afurðir	Aflatoxín: leyfilegt hámarks magn ⁽¹⁾ (µg/kg)			Sýnatöku- aðferð	Tilvísunar- greiningaraðferð
	B ₁	B ₁ +B ₂ +G ₁ +G ₂	M ₁		
2.1.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>).					
2.1.2.1. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>) og unnar afurðir úr því sem nota á beint til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum.	2	4	–	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.2.2. Korn (þar á meðal bókhveiti, <i>Fagopyrum sp.</i>), sem á að flokka eða meðhöndla með öðrum aðferðum, áður en þess er neytt eða það er notað sem innihaldsefni í matvælum.	– ⁽⁶⁾	– ⁽⁶⁾	–	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.1.3. Mjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á afurðum að stofni til úr mjólk og hitameðhöndluð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/46 (EBE) frá 16. júní 1992 þar sem mælt er fyrir um heilbrigðisreglur sem varða framleiðslu og markaðssetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og afurða að stofni til úr mjólk)	–	–	0,05	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB

⁽⁴⁾ Ákvæði um leyfilegt hámarks magn skulu gilda um ætan hluta jarðhnetna, hnetna og þurrkaðra ávaxta. Ef hnetur eru efnagreindar „með skurn“ skulu útreikningar á innihaldi aflatoxína miðast við að öll mengandi efni séu í æta hlutanum.

⁽⁵⁾ Endurskoða skal ákvæði um leyfilegt hámarks magn fyrir 1. júlí 1999 með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tæknipokkingar.

⁽⁶⁾ Hafi ákvæði um leyfilegt hámarks magn ekki verið sett fyrir 1. júlí 1999 skulu þau ákvæði gilda sem fram koma í lið 2.1.2.1 í töflunni um korn.

^(*) Stj.útd. EB L 201, 17. 7. 1998, bls. 93.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/53/EB**frá 16. júlí 1998****um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni tiltekinna mengunarefna í matvælum(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 85/591/EBE frá 20. desember 1985 um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits ⁽¹⁾, einkum 1. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 frá 16. júlí 1998 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 um hámarks magn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾ eru fest ákvæði um leyfilegt hámarks magn aflatoxína í tilteknum matvælum.Með tilskipun ráðsins 93/99/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarákvæði um opinbert matvælaeftirlit ⁽³⁾ er kveðið á um kerfi gæðastaðla fyrir þær rannsóknarstofur sem aðildarríkin hafa falið opinbert matvælaeftirlit.

Nákvæmni mælinga á innihaldi aflatoxína ræðst einkum af sýnatökunni, því að dreifing aflatoxína er fjarri því að vera einsleit í hverri framleiðslueiningu.

Nauðsynlegt sýnist að ákvarða almenn skilyrði sem greiningaraðferð þarf að uppfylla svo að tryggt sé að rannsóknarstofur, sem annast eftirlit, styðjist við greiningaraðferðir sem eru allar svipaðar hvað varðar áreiðanleika.

Ákvæðin um sýnatöku og greiningaraðferðir voru sett með hliðsjón af núverandi þekkingu og þau má laga að framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar.

Þær sýnatökuaðferðir, sem nú eru notaðar af hálfu lögbærra yfirvalda, eru mjög breytilegar eftir aðildarríkjum. Lögbær yfirvöld í sumum aðildarríkjanna geta

ekki komið því við að taka með stuttum fyrirvara í gildi öll ákvæði þessarar tilskipunar. Þess vegna er nauðsynlegt að veita þeim hæfilegan frest til þess að festa þessi ákvæði í gildi.

Aðildarríkin verða smám saman að breyta aðferðum sínum við sýnatöku þannig að þær samræmist ákvæðunum í viðaukum þessarar tilskipunar þegar tilskipunin á að koma til framkvæmda. Þess vegna skal kanna reglulega hvernig beitingu þessara ákvæða er háttað í aðildarríkjunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:*1. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að taka sýna vegna opinbers eftirlits með magni aflatoxína í matvælum sé í samræmi við þær aðferðir sem lýst er í I. viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að undirbúningur sýna og þær aðferðir, sem notaðar eru við opinbert eftirlit með styrk aflatoxína í matvælum, séu í samræmi við þær viðmiðanir sem lýst er í II. viðauka þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2000, samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttö. EB L 372, 31. 12. 1985, bls. 50.

(2) Stjttö. EB L 201, 17. 7. 1998, bls. 43.

(3) Stjttö. EB L 290, 24. 11. 1993, bls. 14.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***Aðferðir við sýnatöku vegna opinbers eftirlits með styrk aflatoxína í tilteknum matvælum****1. Tilgangur og gildissvið**

Sýni til opinbers eftirlits á magni aflatoxína í matvælum skulu tekin samkvæmt þeim aðferðum sem er lýst hér á eftir. Safnsýni, tekin á þann hátt, skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Ákvarðað skal á grundvelli þess magns, sem finnst í rannsóknarsýnum, hvort farið sé að öllum ákvæðum um hámarksmagn sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1525/98.

2. Skilgreiningar

Framleiðslueining: sanngreinanlegt magn af matvöru, afhent í einu, sem opinber sýnatöku maður staðfestir að hafi sameiginleg einkenni, svo sem hvað varðar uppruna, afbrigði, gerð umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar.

Framleiðsluhluti: tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.

Hlutasýni: magn efnis tekið á sama stað í framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum.

Safnsýni: sameinuð heild allra hlutasýna sem tekin eru úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Rannsóknarsýni: sýni ætlað til rannsókna á rannsóknarstofu (= undirsýni).

3. Almenn ákvæði**3.1. Starfsfólk**

Sýnataka skal gerð af viðurkenndum aðila svo sem kveðið er á um af aðildarríkjunum.

3.2. Efni til sýnatöku

Taka ber sýni úr hverri framleiðslueiningu sem rannsaka á. Ef um stórar framleiðslueiningar er að ræða skal, samkvæmt sérákvæðum í 5. lið þessa viðauka, skipta þeim í framleiðsluhluta og skal taka sýni úr hverjum þeirra fyrir sig.

3.3. Varúðarráðstafanir

Gera þarf varúðarráðstafanir þegar rannsóknarsýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem myndu hafa áhrif á aflatoxíninnihaldið, hafa slæm áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera safnsýnin ódæmigerð.

3.4. Hlutasýni

Hlutasýni skulu tekin sem víðast úr framleiðslueiningunni. Sé ekki farið eftir þessari aðferð verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið 3.8.

3.5. Undirbúningur safnsýnanna og rannsóknarsýnanna (undirsýni)

Safnsýni eru mynduð með því að sameina hlutasýnin og blanda þeim nægilega saman. Að lokinni blöndun skal skipta safnsýninu í nokkur jafnstór undirsýni samkvæmt sérákvæðum í 5. lið þessa viðauka.

Blöndunin er nauðsynleg til þess að tryggja að hvert undirsýni innihaldi skammta úr allri framleiðslueiningunni eða öllum framleiðsluhlutanum.

3.6. Samhliða sýni

Taka ber samhliða sýni, vegna fullnustu ákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála, úr rannsóknarsýni, sem hefur verið gert einsleitt, svo fremi að það stangist ekki á við reglur aðildarríkja um sýnatöku.

3.7. *Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, hvarftregar umbúðir sem verja það nægilega gegn mengun og skemmdum í flutningi. Gera skal allar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir breytingu á samsetningu rannsóknarsýna sem gæti átt sér stað á meðan á flutningi eða geymslu stendur.

3.8. *Innsiglan og merking sýna*

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota, skal innsiglað á sýnatökustað og merkt samkvæmt reglugerðum aðildarríkisins. Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku þannig að hver framleiðslueining verði ótvírætt sanngreinanleg og tilgreina skal dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

4. **Skýringarákvæði**4.1. *Mismunandi framleiðslueiningar*

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Með fyrirvara um þau sérstöku ákvæði, sem mælt er fyrir um í 5. lið þessa viðauka, má styðjast við eftirfarandi formúlu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} = \frac{\text{Þyngd framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

– Þyngd: í kg

Sýnatökutíðni: n-tí hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

4.2. *Þyngd hlutasýnis*

Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í 5. lið þessa viðauka. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

4.3. *Fjöldi hlutasýna í framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn*

Fjöldi hlutasýna, sem taka á, er kominn undir þyngd framleiðslueiningarinnar, skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni, nema kveðið sé á um annað í 5. lið þessa viðauka. Styðjast má við tölurnar í töflunni hér fyrir neðan við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka ber.

Tafla 1: Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
> 0,2 - ≤ 0,5	20
> 0,5 - ≤ 1,0	30
> 1,0 - ≤ 2,0	40
> 2,0 - ≤ 5,0	60
> 5,0 - ≤ 10,0	80
> 10,0 - ≤ 15,0	100

5. **Sérákvæði**5.1. *Almennt yfirlit yfir sýnatökuaðferðina fyrir jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn***Tafla 2:** Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd á framleiðslueiningu

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fíkjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15	15-30 tonn	100	30
	< 15	—	10-100(*)	≤ 30
Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500	100 tonn	100	30
	> 125 og < 500	5 framleiðsluhlutar	100	30
	≥ 15 og ≤ 125	25 tonn	100	30
	< 15	—	10-100(*)	≤ 30
Kornvörur	≥ 1 500	500 tonn	100	30
	> 300 og < 1 500	3 framleiðsluhlutar	100	30
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	30
	< 50	—	10-100(*)	1-10

(*) Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar - sjá lið 4.3. eða 5.3. í þessum viðauka.

5.2. *Jarðhnetur, pistasíuhnetur og parahnetur**Þurrkaðar fíkjur**Korn (framleiðslueiningar ≥ 50 tonn)*5.2.1. *Sýnatökuaðferð*

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur á hlutbundinn hátt verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt lið 5.1 í töflu 2. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna mest vera 20% meiri en tilgreind þyngd,
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig,
- fjöldi hlutasýna: 100. Ef framleiðslueiningar eru undir 15 tonnum fer fjöldi hlutasýna sem taka ber eftir þyngd framleiðslueiningarinnar og skal fjöldinn vera minnstur 10 og mestur 100 (sjá lið 4.3),
- þyngd safnsýnis = 30 kg sem skal vera blandað og skipta ber í þrjú jafnstór undirsýni, sem hvert vegur 10 kg, áður en þau verða möluð (þessi skipting í þrjú undirsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari hlutbundna meðhöndlun, en það hins vegar er háð því að fyrir hendi sé búnaður sem gerir það kleift að búa til einsleitt 30 kg sýni). Ef þyngd safnsýna er minni en 10 kg skal ekki skipta þeim í þrjú undirsýni,
- rannsóknarsýni: undirsýni sem vegur 10 kg (hvert undirsýni skal fín mala sérstaklega og það blandað vandlega til þess að það verði fullkomlega einsleitt, til samræmis við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í II. viðauka,
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan vegna afleiðinga sem það hefði á verslun vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna umbúða, flutningsmáta o.s.frv.), er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmigerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

5.2.2. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

- Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:
 - samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark,
 - synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer yfir leyfilegt hámark,
- ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætluð eru beint til manneldis:
 - samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark,
 - synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara yfir leyfilegt hámark,
 - ef safnsýnið er undir 10 kg:
 - samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark,
 - synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

5.3. *Hnetur aðrar en jarðhnetur, pistasíuhnetur og parahnetur**Þurrkaðir ávextir aðrir en fikjur**Korn (framleiðslueiningar undir 50 tonnum)*

5.3.1. Sýnatökuaðferð

Fyrir þessar afurðir má nota þá sýnatökuaðferð sem mælt er fyrir um í lið 5.2.1. Með hliðsjón af því hversu sjaldgæft er að þessar afurðir mengist og/eða með hliðsjón af nýjum gerðum umbúða, sem heimilt er að selja þessar afurðir í, má þó nota einfaldari sýnatökuaðferðir.

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða, sem eru undir 50 tonnum, má styðjast við sýnatökuaætlan, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10 til 100 hlutasýni, hvert 100 grömm að þyngd, eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 til 10 kg. Styðjast má við tölurnar í eftirfarandi töflu til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

Tafla 3: *Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af korni*

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 - ≤ 3	20
> 3 - ≤ 10	40
> 10 - ≤ 20	60
> 20 - ≤ 50	100

5.3.2. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

Sjá lið 5.2.2.

5.4. *Mjólk*

5.4.1. Sýnatökuaðferð

Sýnataka í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/180/EBE frá 14. febrúar 1991 þar sem mælt er fyrir um ákvæðnar aðferðir við greiningu og próf á hrámmjólk og hitameðhöndlaðri mjólk ⁽¹⁾:

- fjöldi hlutasýna: lágmark 5,
- þyngd safnsýnis: lágmark 0,5 kg eða lítrar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 93, 13. 4. 1991, bls. 1.

- 5.4.2. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark,
 - synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.
- 5.5. *Afleiddar afurðir og samsett matvæli*
- 5.5.1. Mjólkurafurðir
- 5.5.1.1. Sýnatökuaðferð
- Sýnataka í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/524/EBE frá 6. október 1987 þar sem mælt er fyrir um aðferðir innan bandalagsins við sýnatöku fyrir efnagreiningu vegna eftirlits með mjólkurvörum ⁽¹⁾.
- Fjöldi hlutasýna: lágmark 5.
- Samsvarandi aðferðir eru notaðar fyrir aðrar mjólkurafurðir.
- 5.5.1.2. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark,
 - synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.
- 5.5.2. Aðrar afleiddar afurðir með mjög léttum ögnum, svo sem mjöl, fíkjumauk, hnetusmjör (einsleit dreifing aflatoxínmengunar).
- 5.5.2.1. Sýnatökuaðferð
- Fjöldi hlutasýna: 100. Fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100 og fara eftir þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá 3. töflu við lið 5.3.1 í þessum viðauka),
 - þyngd hlutasýna á að vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásöluumbúðum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásöluumbúðanna,
 - þyngd safnsýnis = 1-10 kg nægilega blandað.
- 5.5.2.2. Fjöldi sýna sem taka ber
- Fjöldi safnsýna sem taka ber fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. Skiptingu stórra framleiðslueininga í framleiðsluhluta skal háttað svo sem kveðið er á um fyrir korn í lið 5.2.,
 - taka ber sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.
- 5.5.2.3. Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark,
 - synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.
- 5.6. *Aðrar afleiddar afurðir með tiltölulega stórum kornum (misleit dreifing aflatoxínmengunar)*
- Sýnatökuaðferð og samþykki eins og kveðið er á um í liðum 5.2 og 5.3 í þessum viðauka um ónnar landbúnaðarafurðir.

(1) Stjtöð. EB L 306, 28. 10. 1987, bls. 24.

II. VIÐAUKI

Undirbúningur sýna og viðmiðanir fyrir greiningaraðferðir notaðar við opinbert eftirlit með magni aflatoxína í tilteknum matvælum

1. Inngangur

1.1. Varúðarráðstafanir

Við framkvæmdina skal útiloka sólarljós eins og hægt er því að aflatoxín brotnar smám saman niður vegna áhrifa útfjólublás ljóss. Þar eð dreifing aflatoxína er fjarri því að vera einsleit ber að undirbúa sýni, einkum þegar þau eru gerð einsleit, með mikilli varfærni.

Nota ber allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning prófunarefnis.

1.2. Útreikningur á hlutfalli skurnar/hnetukjarna í heilum hnetum

Þau mörk fyrir aflatoxín, sem sett eru í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1525/98, gilda um æta hlutann:

Hægt er að ákvarða magn aflatoxína í æta hlutanum með því að:

- skurna sýni af hnetum „í skurn“ og ákvarða magn aflatoxína í æta hlutanum,
- nota undirbúningsaðferðina fyrir hnetur „í skurn“. Í sýnatöku- og greiningaraðferðinni ber að áætla þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu. Þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu er áætluð þegar skilgreindur hefur verið hæfilegur stuðull fyrir hlutfallið milli hnetuskurnar og hnetukjarna í heilum hnetum. Stuðst er við þetta hlutfall til þess að reikna magn kjarnanna í vörusýninu sem tekið er við undirbúning sýnis eða við greiningu. Um það bil 100 heilar, stakar hnetur eru teknar frá af handahófi úr framleiðslueiningunni eða þær eru teknar úr hverju einasta safnsýni. Hlutfallið, fyrir hvert rannsóknarsýni, má finna með því að vigta heilar hnetur, skurna þær og vigta á ný skurn og hnetukjarna hvort í sínu lagi. Hlutfallið milli skurnar og hnetukjarna má þó sannreyna á rannsóknarstofunni með endurteknum mælingum á sýnum og hægt er að styðjast við það í greiningarvinnu síðar. Ef tiltekið rannsóknarsýni brýtur í bága við einhver ákvæði um mörk ber að ákvarða hlutfallið fyrir viðkomandi sýni með því að nota um það bil 100 hnetur sem teknar voru frá.

2. Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofunni

Hvert rannsóknarsýni er fín malað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggji fullkomna einsleitni.

3. Frekari skipting sýna vegna fullnustu ákvæða eða verslunarverndar

Taka ber samhliða sýni, vegna fullnustu ákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála, úr einsleitu efni, svo fremi að það stangist ekki á við reglur aðildarríkja um sýnatöku.

4. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknarstofunni, og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofunni

4.1. Skilgreiningar

Nokkrar af helstu skilgreiningum sem rannsóknarstofan þarf að styðjast við eru eftirfarandi: Þær samkvæmnisfæribreytur, sem oftast er vitnað í, eru endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni.

$r =$ Endurtekningarnákvæmni (repeatability): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (það er sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og með skömmu millibili), og vænta má að liggja innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er $r = 2,8 \times s_r$.

- s_r = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.
- RSD_r = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði $[(S_r/x) \times 100]$, þar sem x er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.
- R = Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (það er sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95 %); $R = 2,8 \times s_R$.
- s_R = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.
- RSD_R = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(S_R/x) \times 100]$.

4.2. *Almennar kröfur*

Greiningaraðferðir, sem notaðar eru við matvælaeftirlit, skulu, eftir því sem kostur er, samræmast þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið í viðauka við tilskipun ráðsins 85/591/EBE.

4.3. *Sérstakar kröfur*

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk aflatoxína í matvælum á vettvangi bandalagsins er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist eftirfarandi viðmiðunum:

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlögð gildi	Hæsta leyfilega gildi
Núllprófssýni	Öll	Óverulegt	
Endurheimt – Aflatoxín M1	0,01-0,5 µg/l >0,05 µg/l	60 til 120 % 70 til 110 %	
Endurheimt – Aflatoxín B_1, B_2, G_1, G_2	<1,0 µg/l 1-10 µg/l >10 µg/l	50 til 120 % 70 til 110 % 80 til 110 %	
RSD_R að því er varðar samkvæmni	Öll	Sem leidd eru af Horwitz-jöfnunni	2 x gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni

RSD_r að því er varðar samkvæmni má reikna sem 0,66 sinnum SRDR að því er varðar samkvæmni við tilgreindan styrkleika.

Athugasemdir:

- Gildin eiga bæði við um B_1 og summuna af $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$,
- ef birta á upplýsingar um summuna af einstökum aflatoxínum $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$ skal svörun hvers þeirra við greiningaraðferðinni annaðhvort vera þekkt eða jafngild innbyrðis,
- greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika,
- samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni, það er að segja:
 $RSD_R = 2^{(1 - 0,5 \log C)}$

þar sem:

- RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(S_R/x) \times 100]$
- C er styrkhlutfallið (það er að segja $1 = 100 \text{ g}/100 \text{ g}$, $0,001 = 1 \text{ 000 mg}/\text{kg}$).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efnaumhverfi en, sem í flestum venjubundnum greiningaraðferðum, er einungis háð styrkleikanum.

4.4. *Útreikningar á endurheimt*

Greina ber frá niðurstöðum greininga, leiðréttum eða óleiðréttum, að því er varðar endurheimt. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint.

4.5. *Gæðastaðlar fyrir rannsóknarstofur*

Rannsóknarstofur verða að fara að tilskipun ráðsins 93/99/EBE.

2000/EES/55/04

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/1999****frá 16. júlí 1999****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-
svæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breyt-
ingu á samningnum um Evrópska efnahagsvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1995 frá 24. febrúar
1995⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB frá 22. júní
1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar⁽²⁾
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:*1. gr.*

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar (tilskipun ráðsins
89/392/EBE) í XXIV. kafla í II. viðauka við samninginn:

„1. **398 L 0037:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
98/37/EB frá 22. júní 1998 um samræmingu laga
aðildarríkjanna um vélar (Stjtíð. EB L 207, 23.7.1998,
bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins
98/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við
útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því
tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr.
samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-
nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

N. v. Liechtenstein

formaður.

(1) Stjtíð. EB L 83, 13.4.1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 13,
13.4.1995, bls. 32.

(2) Stjtíð. EB L 207, 23.7.1998, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/37/EB

frá 22. júní 1998

um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽²⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Tilskipun ráðsins 89/392/EBE frá 14. júní 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar ⁽³⁾ hefur verið breytt oft og í veigamiklum atriðum. Til glöggvunar og hagræðingar er rétt að steypa þeirri tilskipun og breytingum við hana saman í einn texta.
2. Innri markaðurinn er svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.
3. Véltekni sviðið er þýðingarmikill þáttur í tæknisviðinu og ein af mættarstöðunum í efnahagskerfi bandalagsins á sviði iðnaðar.
4. Draga má úr kostnaði þjóðfélagsins af fjölda slysa, sem rekja má beint til notkunar véla, með því að hafa öryggi að leiðarljósi við hönnun og smíði véla og með réttri uppsetningu þeirra og viðhaldi.
5. Aðildarríkjunum er skylt að gæta heilsu og öryggis þegna á yfirráðasvæðum sínum, einkum starfsmanna, og, eftir því sem við á, heilsu og öryggi húsdýra og öryggi eigna, meðal annars að því er varðar hættur sem stafa af notkun véla.
6. Löggjöf aðildarríkjanna um slysavarnir er ákaflega mismunandi. Viðeigandi skylduákvæði, oft að viðbættum tækniforskriftum sem í raun eru bindandi og/eða valfrjálsum stöðlum, hafa ekki endilega í för með sér mismunandi ástand í heilbrigðis- og öryggismálum en hindra þó viðskipti innan bandalagsins vegna innbyrðis ósamræmis. Enn fremur er verulegur munur milli aðildarríkjanna á vottun samræmis og vottunarkerfum fyrir vélar.
7. Samræma ber gildandi ákvæði í landslögum um heilsuvernd og öryggi, þar sem kveðið er á um varnir gegn hættum sem stafa af vélum, til að tryggja frjálsa flutninga á vélum án þess að draga úr þeim þörfu verndarákvæðum sem í gildi eru í aðildarríkjunum. Ákvæðum tilskipunar þessarar um hönnun og smíði véla, sem eru forsenda aukins öryggis á vinnustað, ber að fylgja eftir með sérákvæðum um varnir gegn tilteknum hættum sem geta stöðjað að starfsmönnum við vinnu sína og með ákvæðum sem taka mið af því að skipulega sé stuðlað að öryggi starfsmanna í vinnuumhverfinu.
8. Núverandi lög bandalagsins kveða á um, þrátt fyrir eina af grundvallarreglum bandalagsins, þ.e.a.s. frjálsa vöruflutninga, að fallast verði á viðskiptahindranir innan bandalagsins sem stafa af ósamræmi í löggjöf aðildarríkjanna er lýtur að markaðssetningu vara, að svo miklu leyti sem viðkomandi ákvæði geti talist nauðsynleg til að fullnægja ófrávikjanlegum kröfum.
9. Í 65. og 68. gr. hvítbókarinnar, sem leiðtogaráðið samþykkti í júní 1985 og fjallar um það hvernig innri markaðinum skuli komið til framkvæmda, er gert ráð fyrir nýrri aðferð við samhæfingu löggjafar. Í því tilviki verður samhæfing laga að takmarkast við þær kröfur einar sem nauðsynlegar eru til að fullnægja ófrávikjanlegum grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi hvað varðar vélar. Kröfur þessar verða að koma í stað viðeigandi ákvæða í landslögum þar eð þær hafa grundvallarþýðingu.
10. Eitt meginmarkmiðið með tilskipun þessari og öryggisreglum, sem skilgreindar eru í grunnkröfunum, er að viðhalda og auka það öryggi sem aðildarríkin hafa náð.
11. Gildissvið tilskipunar þessarar verður að miða við almenna skilgreiningu á hugtakinu „vél“ til þess að svigrúm gefist fyrir tæknilega þróun á vélunum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 207, 23.7.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 133, 28.4.1997, bls. 6.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 17. september 1997 (Stjtið. EB C 304, 6.10.1997, bls. 79), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. mars 1998 (Stjtið. EB C 161, 27.5.1998, bls. 54) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. apríl 1998 (Stjtið. EB C 152, 18.5.1998). Ákvörðun ráðsins frá 25. maí 1998.

(3) Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).

- Próun vélasamstæða og -kerfa og hættur sem stafa af þeim eru sama eðlis og því er rétt að tilskipun þessi nái ótvírætt yfir þau.
12. Einnig er nauðsynlegt að setja reglur um öryggis-íhluti sem settir eru á markað sér og lýsir framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu yfir öryggishlutverki þessara íhluta.
 13. Á kaupstefnum, vörusýningum o.s.frv. verður að vera unnt að sýna vélar sem samræmast ekki ákvæðum tilskipunar þessarar. Þeir sem eiga hagsmuna að gæta verða þó að fá vitneskju um að vélnar samræmist ekki settum ákvæðum og að ekki sé hægt að kaupa þær í því ástandi.
 14. Hlíta verður grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi til að tryggja að vélar séu hættulaugar. Kröfum þessum verður að beita af skynsemi og taka mið af tæknipækkingu á framleiðslutímanum og tæknilegum og efnahagslegum kröfum.
 15. Að taka vél í notkun í skilningi tilskipunar þessarar getur aðeins átt við þá notkun vélarinnar sjálfar sem fyrirhuguð er af framleiðanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að sett verði skilyrði fyrir notkun sem ekki snerta sjálfa vélna, svo fremi að henni sé ekki með því breytt á einhvern hátt sem ekki er tilgreindur í tilskipun þessari.
 16. Það er ekki einungis nauðsynlegt að tryggja frjálsa flutninga á vélum og frjálsa notkun véla sem merktar eru með CE-merkinu og fengið hafa vottorð um EB-samræmi heldur þarf líka að tryggja frjálsa flutninga á vélum sem eru ekki merktar með CE-merkinu þegar þær á að sameina eða setja saman við aðrar vélar svo að úr verði vélasamstæða eða -kerfi.
 17. Tilskipun þessi skilgreinir aðeins þær grunnkröfur sem varða heilsuvernd og öryggi og hafa almennt gildi, að viðbættum ýmsum sérkröfum sem gilda um ákveðna flokka véla. Til að hjálpa framleiðendum að sanna samræmi við grunnkröfurnar og til að auðvelda eftirlit með samræmi við grunnkröfurnar er æskilegt að til séu samhæfðir evrópskir staðlar um varnir gegn hættum sem stafa af hönnun og smíði véla. Samhæfðir evrópskir staðlar á þessu sviði eru samdir af aðilum sem heyra undir einkamálarétt og er því hvorki né verður skylt að fara eftir þeim. Staðlastofnun Evrópu (CEN) og Rafstaðlastofnun Evrópu (CENELEC) eru viðurkenndar sem bærir aðilar til að samþykka samhæfða staðla samkvæmt almennum viðmiðunarreglum um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja stofnana, undirrituðum 13. nóvember 1984. Í tilskipun þessari er samhæfður staðall tækniforskrift (evrópskur staðall eða samhæfingarskjal) sem önnur eða báðar þessar stofnanir hafa samþykkt fyrir tilstilli framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE ⁽¹⁾ og á grundvelli hinna almennu viðmiðunarreglna sem áður er getið.
 18. Bæta verður löggjöf á þessu sviði til að tryggja að vinnuveitendur og launþegar leggi sitt af mörkum til stöðlunarvinnunnar með skilvirkum og viðeigandi hætti.
 19. Viðurkenna ber ábyrgð aðildarríkjanna á yfirráðasvæðum sínum á öryggismálum, heilsuvernd og öðrum þáttum, sem falla undir grunnkröfurnar, í öryggis-ákvæði þar sem kveðið er á um viðeigandi verndunarreglur innan bandalagsins.
 20. Halda ber þeirri reglu, sem nú gildir í aðildarríkjunum, að framleiðendur sjái um að votta að vélar þeirra séu í samræmi við viðeigandi grunnkröfur. Samræmi við samhæfða staðla hefur í för með sér að ganga má út frá samræmi við viðeigandi grunnkröfur. Framleiðanda er í sjálfsvald sett að láta þriðja aðila prófa og gefa út vottorð fyrir vörur sínar telji hann þörf á því.
 21. Þegar um er að ræða ákveðnar gerðir véla sem eru mjög varasamar í notkun er æskilegt að hafa strangari vottunarreglur. Sú aðferð, sem valin er fyrir EB-gerðarprófun, getur leitt til þess að framleiðandinn gefi út EB-yfirlýsingu án strangari skilyrða, svo sem tryggingu fyrir gæðum, EB-sannprófun eða EB-eftirliti.
 22. Nauðsynlegt er að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu leggi fram tæknileg gögn um smíði vélar áður en hann gefur út EB-yfirlýsingu um samræmi. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að öll skjöl og gögn séu ávallt efnislega tiltæk en það þarf að hafa þau tiltæk ef farið er fram á það. Ekki þurfa að fylgja nákvæmar teikningar af samsettum hlutum sem notaðir eru í vélnar nema vitneskja um þá sé nauðsynleg til að hægt sé að ganga úr skugga um samræmi við grunnkröfur um öryggi.
 23. Í tilkynningu sinni frá 15. júní 1989 um altæka aðferð við vottun og prófanir ⁽²⁾ lagði framkvæmdastjórnin til að settar yrðu sameiginlegar reglur um samræmismerkið „CE“ sem hannað skyldi á einn hátt. Í ályktun sinni frá 21. desember 1989 um altæka aðferð við samræmismat ⁽³⁾ samþykkti ráðið, sem viðmiðunarreglu, að taka upp samkvæma aðferð eins og þessa við notkun CE-merkisins. Tveir grundvallarþættir

(1) Tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8). Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/139/EB (Stjtið. EB L 32, 10.2.1996, bls. 31).

(2) Stjtið. EB C 231, 8.9.1989, bls. 3 og Stjtið. EB C 267, 19.10.1989, bls. 3.

(3) Stjtið. EB C 10, 16.1.1990, bls. 1.

hinnar nýju aðferðar, sem beita á, eru því grunnkröfurnar og reglur um aðferðir við samræmismat.

24. Þegar ákvörðun hefur verið tekin samkvæmt tilskipun þessari verður að tilkynna þeim aðilum, sem ákvörðunin varðar, um ástæðurnar sem að baki henni liggja og þau lagaúrræði sem þeir geta nýtt sér.
25. Þessi tilskipun breytir í engu skyldum aðildarríkjanna varðandi frest til að setja í innlend lög og koma til framkvæmda ákvæðum tilskipana sem um getur í Bhluta VIII. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ, MARKAÐSETNING OG FRJÁLSIR FLUTNINGAR

1. gr.

1. Í tilskipun þessari, sem nær til véla, eru settar fram grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem þær varða og eru skilgreindar í I. viðauka.

Tilskipunin skal einnig gilda um öryggisfhluti sem settir eru á markað sérstaklega.

2. Í tilskipun þessari merkir:

a) „vél“:

- safn innbyrðis tengdra hluta eða íhluta þar sem að minnsta kosti einn hreyfist, með viðeigandi gangsetningar- og stjórnbúnaði og orkuflutningsrásum o.s.frv., sem tengdir eru saman til ákveðinna nota, m.a. til að vinna, meðhöndla, flytja eða pakka ákveðnu efni,
- vélasamstæða sem í ákveðnum tilgangi er komið þannig fyrir og stjórnað að vélarnar vinni sem órofa heild,
- umskiptanlegur búnaður sem breytir hlutverki vélar og er settur á markað með það fyrir augum að stjórnandinn setji hann sjálfur saman við vél eða röð mismunandi véla eða dráttarvél, svo fremi að þessi búnaður sé ekki varahlutur eða verkfæri;

- b) „öryggisfhlutur“: íhlutur, að því tilskildu að ekki sé um umskiptanlegan búnað að ræða, sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu setur á markað til að fullnægja ákveðnu öryggishlutverki þegar hann er í notkun og sem stofnar öryggi og heilsu manna í hættu ef hann bilar.

3. Eftirfarandi er undanskilið gildissviði tilskipunar þessarar:

- vélar þar sem eini orkugjafinn er handafl sem beitt er milliliðalaust, nema um sé að ræða vél sem notuð er til að lyfta byrðum eða setja þær niður,
- vélar til lækninga sem notaðar eru í beinni snertingu við sjúklinga,
- sérstakur búnaður eða tæki til nota á sýningarsvæðum og/eða í skemmtigörðum,
- gufukatlar, geymar og þrýstihylki,
- vélar sem eru sérhannaðar fyrir kjarnorku eða notaðar í tengslum við hana og geta orsakað geislavirkni ef þær bila,
- jónandi geislagjafar sem eru hluti vélar,
- skotvopn,
- geymar og leiðslur fyrir bensín, gasolíu, eldfima vökva og hættuleg efni,
6.4.2. Hröðun og hemlun vagnsins eða burðartækisins skal ekki setja fólk í hættu á meðan honum er stjórnað eða settur í gang með öryggisbúnaði og þegar hann er með því hámarksálagi og á þeim hámarkshraða sem framleiðandi mælir fyrir um.

6.5. **Merkingar**

Til að tryggja nauðsynlegt öryggi skal vagninn vera merktur með viðeigandi grunnupplýsingum.

II. VIÐAUKI

A. Texti EB-samræmisyfirlýsingar fyrir vélar ⁽¹⁾

Í EB-samræmisyfirlýsingu verða eftirfarandi atriði að koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu ⁽²⁾,
- lýsing á vélinni ⁽³⁾,
- ákvæðin sem vélin er í samræmi við,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem gögnin voru send til í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, tilvísun til samhæfðra staðla,
- eftir því sem við á, þeir landsstaðlar og tækniforskriftir sem notast var við,
- upplýsingar um þann aðila sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

B. Texti yfirlýsingar framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu (2. mgr. 4. gr.)

Í yfirlýsingu framleiðanda, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., verða eftirfarandi atriði að koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu,
- lýsing á vél eða vélarhlutum,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem skjölin voru send til í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, tilvísun til samhæfðra staðla,
- bann við því að vél verði tekin í notkun fyrr en því hafi verið lýst yfir að vél sú sem hún á að verða hluti af sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar,
- upplýsingar um þann aðila sem undirritar yfirlýsinguna.

(1) Yfirlýsing þessi verður að vera á sama tungumáli og upphaflegu notkunarleiðbeiningarnar (sjá b-lið liðar 1.7.4 í I. viðauka) og annaðhvort vélrituð eða skrifuð með prentstöfum. Henni skal fylgja þýðing á eitt af opinberum málum þess lands þar sem nota á vélin. Þýðingin skal unnin í samræmi við þau skilyrði sem gilda um þýðingu á notkunarleiðbeiningunum.

(2) Viðskiptanafn og fullt heimilisfang; viðurkenndir fulltrúar verða einnig að gefa upp viðskiptanafn og heimilisfang framleiðanda.

(3) Lýsing á vél (heiti, gerð, raðnúmer o.s.frv.).

C. Texti EB-samræmisfirlýsingar fyrir öryggis hluti sem settir eru á markað sérstaklega ⁽¹⁾


Í EB-samræmisfirlýsingunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu ⁽²⁾,
- lýsing á öryggis hlutinum ⁽⁴⁾,
- öryggishlutverk sem öryggis hluturinn fullnægir, ef það kemur ekki greinilega fram í lýsingunni,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem gögnin voru send til í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 8. gr.,
- eftir því sem við á, tilvísun til samhæfða staðla,
- eftir því sem við á, þeir landsstaðlar og tækniforskriftir sem notast var við,
- upplýsingar um þann aðila sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

III. VIÐAUKI

CE-SAMRÆMISMERKING

- CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



- Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.
- Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm. Ef um smágerðar vélar er að ræða má falla frá kröfu um lágmarksmál.

(1) Yfirlýsing þessi verður að vera á sama tungumáli og upphaflegu notkunarleiðbeiningarnar (sjá b-lið liðar 1.7.4 í I. viðauka) og annaðhvort vélrituð eða skrifuð með prentstöfum. Henni skal fylgja þýðing á eitt af opinberum málum þess lands þar sem nota á vélina. Þýðingin skal unnin í samræmi við þau skilyrði sem gilda um þýðingu á notkunarleiðbeiningunum.

(2) Viðskiptanafn og fullt heimilisfang; viðurkenndir fulltrúar verða einnig að gefa upp viðskiptanafn og heimilisfang framleiðanda.

(3) Lýsing á vél (heiti, gerð, raðnúmer o.s.frv.).

(4) Lýsing á öryggis hlut (heiti, gerð, raðnúmer, ef eitthvað er, o.s.frv.)

IV. VIÐAUKI

GERÐIR VÉLA OG ÖRYGGISÍHLUTA SEM REGLURNAR, SEM UM GETUR Í B- og C-LIÐ 2. MGR. 8. GR., GILDA UM**A. Vélar**

1. Hjólsagir (með einu blaði eða mörgum) fyrir trésmíðar og vinnslu með sambærileg efni eða fyrir kjötvinnslu og vinnslu með sambærileg efni.
 - 1.1. Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og föstu borði þar sem vinnsluefnið er matað í vélina með höndunum eða aflmatara sem taka má burt.
 - 1.2. Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og handstýrðu velti- eða færsluborði.
 - 1.3. Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og innbyggðum vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og/eða tekið úr með höndunum.
 - 1.4. Vélsagir með hreyfanlegu verkfæri meðan á vinnslu stendur og vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og/eða tekið úr með höndunum.
2. Handmataðir afréttarar til trésmíða.
3. Þykktarheflar til trésmíða þar sem vinnsluefnið er lagt í og/eða tekið úr með höndunum.
4. Bandsagir með föstu eða hreyfanlegu borði og bandsagir með sleða þar sem vinnsluefnið er lagt í og/eða tekið úr með höndunum, til trésmíða eða vinnslu með sambærileg efni eða til kjötvinnslu eða vinnslu með sambærileg efni.
5. Sambyggðar vélar af þeirri gerð sem um getur í 1. til 4. lið og 7. lið fyrir trésmíðar eða vinnslu með sambærileg efni.
6. Handmataðar tappavélar til trésmíða með mörgum verkfærafestingum.
7. Handmataðir borðfrásarar til trésmíða og vinnslu með sambærileg efni.
8. Handkeðjusagir til trésmíða.
9. Pressur, þar með taldar beygivélar, til kaldvinnslu málma þar sem vinnsluefnið er lagt í og/eða tekið úr með höndunum og með hreyfanlegum hlutum er geta haft yfir 6 mm slaglengd og hraða yfir 30 mm/s.
10. Sprautu- eða þrýstímótunarvélar fyrir plast þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum.
11. Sprautu- eða þrýstímótunarvélar fyrir gúmmí þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum.
12. Vélar, sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar, af eftirfarandi gerðum:
 - vélar sem ganga á brautum; eimreiðar og bremsuvagnar,
 - aflknúnar vökvastoðir,
 - brunahreyflar til að setja í vélar sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar.
13. Flutningavagnar, sem safnað er í húsasorpi, eru hlaðnir með handafli og hafa þjöppunarbúnað.

14. Hlífar og færanleg drifsköft eins og þeim er lýst í lið 3.4.7.
15. Bílalyftur.
16. Búnaður til að lyfta fólki þar sem hættu er á falli úr lóðréttri hæð sem er yfir þrjú metrar.
17. Vélar fyrir framleiðslu á flugeldum.

B. Öryggisáhlutir

1. Rafnæmur búnaður sem hannaður er sérstaklega til að skynja fólk svo að tryggja megi öryggi þeirra (ljósnæmir rofar, stigmottur, rafsegulnemar, o.s.frv.).
 2. Öryggisrofi sem tryggir öryggishlutverk stjórnstækja sem nota þarf báðar hendur við.
 3. Sjálfvirkir færanlegir skermar sem verja vélarnar sem um getur í 9., 10. og 11. lið.
 4. Veltigrindur (ROPS).
 5. Fallvarnargrindur (FOPS).
-

V. VIÐAUKI

EB-SAMRÆMISYFIRLÝSING

Í þessum viðauka merkir „vél“ ýmist „vél“ eða „öryggisíhlutur“ eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr.

1. EB-samræmisyfirlýsing er sú aðferð sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu beitir til að lýsa yfir að vél, sem verið er að setja á markað, fullnægi öllum viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.
2. Undirritun EB-samræmisyfirlýsingar heimilar framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu að merkja vél með CE-merkinu.
3. Áður en framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu semur EB-yfirlýsingu um samræmi verður hann að ganga úr skugga um og geta ábyrgst að skjölin sem talin eru upp hér á eftir verði til reiðu til skoðunar á starfsstöð hans:

a) eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:

- heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
- ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana o.s.frv. sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
- skrá yfir:
 - grunnkröfur þessarar tilskipunar,
 - staðla og
 - aðrar tækniforskriftir sem notaðar voru við hönnun vélar,
- lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slyshættu af völdum vélarinnar,
- ef framleiðandi óskar þess, tækniskýrslur eða vottorð frá þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu ⁽¹⁾,
- ef framleiðandi lýsir yfir samræmi við samhæfðan staðal, allar tækniskýrslur sem skýra frá niðurstöðum úr prófunum sem hann hefur kosið að yrðu gerðar, annaðhvort af honum sjálfum eða þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu ⁽¹⁾,
- afrit af notkunarleiðbeiningum með vélinni;

b) ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélar samræmist áfram ákvæðum þessarar tilskipunar.

Framleiðandi verður að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir eða prófanir á vélarhlutum og fylgihlutum eða vélinni allri til að ákveða hvort hún sé hönnuð og smíðuð þannig að hægt sé að setja hana saman og taka hana í notkun á öruggan hátt.

Séu skjöl ekki lögð fram þegar lögbær innlend yfirvöld fara þess á leit með tilhlýðilega rökstuddri beiðni getur það verið nægileg ástæða til að draga í efa að hægt sé að ganga út frá samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Aðili eða rannsóknarstofa telst vera til þess bær ef hún uppfyllir matsviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi samhæfðum stöðlum.

4. a) Skjölín, sem um getur í 3. lið hér að framan, þurfa ekki að vera ávallt handbær en það verður að vera unnt að safna þeim saman og hafa þau til reiðu innan frests sem er í eðlilegu samræmi við mikilvægi þeirra.

Undanskilja má ítarlega uppdraetti eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru í framleiðslu vélar nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.

- b) Skjölín, sem um getur í 3. lið hér að framan, verður að varðveita og hafa til reiðu fyrir lögbær innlend yfirvöld í að minnsta kosti tíu ár eftir framleiðsludag vélar eða framleiðsludag síðasta eintaks af vélinni sé um raðframleiðslu að ræða.
- c) Skjölín, sem um getur í 3. lið hér að framan, verður að semja á einu af opinberum tungumálum bandalagsins, að notkunarleiðbeiningum með vél undanskildum.
-

VI. VIÐAUKI

EB-GERÐARPRÓFUN

Í þessum viðauka merkir „vél“ ýmist „vél“ eða „öryggisíhlutur“ eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr.

1. EB-gerðarprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili beittir til að ganga úr skugga um og votta að eintak af vél fullnægi viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal sækja um EB-gerðarprófun á eintaki af vél hjá aðeins einum tilkynntum aðila.

Með umsókninni skulu fylgja:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu og framleiðslustaður vélar,
- að minnsta kosti eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:
 - heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
 - ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana o.s.frv. sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
 - lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slyshættu af völdum vélar og skrá yfir þá staðla sem notaðir voru,
 - afrit af notkunarleiðbeiningum með vélinni,
 - ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélar samræmist áfram ákvæðum þessarar tilskipunar.

Umsókninni skal einnig fylgja vél sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu eða upplýsingar um hvar megi prófa vélina, eftir því sem við á.

Með skjölunum, sem um getur hér að framan, þurfa ekki að fylgja ítarlegir uppdrættir eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru í framleiðslu vélar nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.

3. Tilkynnti aðilinn framkvæmir EB-gerðarprófun á eftirfarandi hátt:
 - hann athugar tæknileg framleiðslugögn til að sannprófa hvort þau séu fullnægjandi og skoðar vél sem honum hefur verið afhent eða veittur aðgangur að,
 - við prófun á vél skal aðilinn:
 - a) ganga úr skugga um að hún hafi verið framleidd í samræmi við tæknilegu framleiðslugögnin og að óhætt sé að nota hana við þau vinnuskilyrði sem til er ætlast;
 - b) hafi staðlar verið notaðir, kanna hvort þeim hefur verið beitt á réttan hátt;
 - c) gera viðeigandi prófanir og rannsóknir til að kanna hvort vél fullnægi viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.
4. Fullnægi eintakið viðeigandi ákvæðum gefur aðilinn út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjanda. Á vottorðinu skulu koma fram niðurstöður prófunar, skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, og lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á hið samþykka eintak.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðinu og, með rökstuddri beiðni, afrit af tæknilegum framleiðslugögnum og skýrslum um þær athuganir og prófanir sem gerðar voru.

5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal veita tilkynnta aðilanum upplýsingar um allar breytingar, þótt smávægilegar séu, sem hann hefur gert eða

hyggst gera á vélinni sem eintakið var sýnishorn af. Tilkynnta aðilanum ber að athuga þessar breytingar og tilkynna framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu hvort EB-gerðarprófunarvottorðið sé áfram í gildi.

6. Neiti tilkynntur aðili að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðra tilkynnta aðila um það. Ef hann afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðildarríkið, sem tilkynnti hann, um það. Það skal síðan veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar þar að lútandi og tilgreina ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun.
7. Málsskjöl og bréfaviðskipti um EB-gerðarprófun skulu vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á tungumáli sem hann samþykkir.

VII. VIÐAUKI

LÁGMARKSVIÐMIÐANIR SEM AÐILDARRÍKIN VERÐA AÐ TAKA MIÐ AF ÞEGAR ÞAU TILKYNNNA AÐILA

Í þessum viðauka merkir „vél“ ýmist „vél“ eða „öryggisíhlutur“ eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr.

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn, sem sjá um sannprófanir, skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar né annast uppsetningu á vélum sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi vélanna né vera viðurkenndir fulltrúar aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki möguleikann á skiptum á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og tilkynnta aðilans.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu framkvæma sannprófanir með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður úr sannprófunum.
3. Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsliði og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim búnaði sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Það starfslið, sem ber ábyrgð á skoðun, skal hafa:
 - trausta tækni- og fagkunnáttu,
 - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um prófanir sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
 - getu til þess að semja þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófanir hafa verið framkvæmdar.
5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófana sem framkvæmd eru né niðurstöðum úr þessum prófunum.
6. Tilkynnti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskyldt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessari tilskipun eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

VIII. VIÐAUKI

Hluti A

Niðurfelldar tilskipanir

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun 89/392/EBE og eftirtaldar breytingar:

- tilskipun 91/368/EBE aðeins 1. gr.
- tilskipun 93/44/EBE
- tilskipun 93/68/EBE aðeins 6. gr.

Hluti B

Skrá yfir fresti til að setja innlend lög og koma þeim til framkvæmda

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til að setja innlend lög	Kemur til framkvæmda
Tilskipun 89/392/EBE (Stjttíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 9)	1. janúar 1992	Frá 1. janúar 1993; að því er varðar framleiðsluvörur sem um getur í tilskipunum 86/295/EBE, 86/296/EBE og 86/663/EBE: frá 1. júlí 1995 ⁽¹⁾
Tilskipun 91/368/EBE (Stjttíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 16)	1. janúar 1992	Frá 1. janúar 1993
Tilskipun 93/44/EBE (Stjttíð. EB L 175, 19.7.1993, bls. 12)	1. júlí 1994	<ul style="list-style-type: none"> – Frá 1. janúar 1995 ⁽²⁾ – Frá 1. júlí 1994 ⁽²⁾ <ul style="list-style-type: none"> – 10. mgr. 1. gr., að a-, b- og q-liðum frátöldum – a- og b-liður 11. mgr. 1. gr. – c-, d-, e- og f-liður 12. mgr. 1. gr.
Tilskipun 93/68/EBE (Stjttíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1)	1. júlí 1994	Frá 1. janúar 1995 ⁽³⁾

(1) Aðildarríkin skulu heimila að vélar, að frátöldum framleiðsluvörum sem um getur í tilskipunum 86/295/EBE, 86/296/EBE og 86/663/EBE en tímabilinu lýkur 31. desember 1995 að því er þær varðar, séu settar á markað og teknar í notkun á tímabili, sem lýkur 31. desember 1994, ef þær samrýmast innlendum ákvæðum sem eru í gildi á yfirráðasvæði þeirra 31. desember 1992.

(2) Aðildarríkin skulu heimila að vélar til að lyfta fólki og flytja það og öryggisflutir, sem samrýmast innlendum ákvæðum sem eru í gildi á yfirráðasvæðinu 14. júní 1993, séu settar á markað og teknar í notkun á tímabili sem lýkur 31. desember 1996.

(3) Aðildarríkin skulu heimila að framleiðsluvörum, sem samrýmast markaðsfyrirkomulagi sem er í gildi 1. janúar 1995, séu settar á markað og teknar í notkun til 1. janúar 1997.

IX. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 89/392/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
fyrsta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	fyrsti undirliður í a-lið 2. mgr. 1. gr.
önnur undirgrein 2. mgr. 1. gr.	annar undirliður í a-lið 2. mgr. 1. gr.
þriðja undirgrein 2. mgr. 1. gr.	þriðji undirliður í a-lið 2. mgr. 1. gr.
fjórða undirgrein 2. mgr. 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
7. gr.	7. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
4. mgr. a, 8. gr.	5. mgr. 8. gr.
5. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.
6. mgr. 8. gr.	7. mgr. 8. gr.
7. mgr. 8. gr.	8. mgr. 8. gr.
9. gr.	9. gr.
10. gr.	10. gr.
11. gr.	11. gr.
12. gr.	12. gr.
1. mgr. 13. gr.	–
2. mgr. 13. gr.	–
3. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
4. mgr. 13. gr.	2. mgr. 13. gr.
–	14. gr.
–	15. gr.
–	16. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	V. viðauki
VI. viðauki	VI. viðauki
VII. viðauki	VII. viðauki
–	VIII. viðauki
–	IX. viðauki

2000/EES/55/05

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/1999****frá 16. júlí 1999****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-
svæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um
breytingu á samningnum um Evrópska efnahags-
svæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999 frá 30. apríl
1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá
27. október 1998 um viðbótareftirlit með váttrygginga-
félögum í váttryggingahópi⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 12b (tilskipun ráðsins
91/674/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„12c. **398 L 0078:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit
með váttryggingafélögum í váttryggingahópi (Stjtið.
EB L 330, 5.12.1998, bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins
98/78/EB frá 27. október 1998 á íslensku og norsku fylgir
sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli
fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því til-
skildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samn-
ingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

N. v. Liechtenstein

formaður.

(¹) Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. EB
nr. 50, 9.11.2000, bls. 99.

(²) Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/78/EB

frá 27. október 1998

um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í váttryggingahópi(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (4) og fyrstu tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu (5) er kveðið á um að váttryggingafélög skuli hafa gjaldþol.
- 2) Samkvæmt tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (6) og tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga og um breytingu á tilskipunum 79/267/EBE og 90/619/EBE (7) þarf eitt opinbert starfsleyfi, sem gefið er út af yfirvöldum í aðildar-

ríkinu þar sem váttryggingafélagið hefur skráða skrifstofu (heimaríki), til að hefja og reka váttryggingastarfsemi. Slíkt starfsleyfi gerir félaginu kleift að reka starfsemi alls staðar í bandalaginu, annaðhvort samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu. Lögþær yfirvöld í heimaríkinu bera ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum stöðugleika váttryggingafélaga, meðal annars gjaldþoli þeirra.

- 3) Ráðstafanir vegna viðbótareftirlits með váttryggingafélögum í váttryggingahópi ættu að gera yfirvöldum, sem hafa eftirlit með váttryggingafélagi, kleift að mynda sér skoðun á fjárhagsstöðu þess á áreiðanlegri forsendum. Við slíkt viðbótareftirlit ber að taka tillit til tiltekinnna félaga sem eru eins og sakir standa ekki háð eftirliti samkvæmt tilskipunum bandalagsins. Þessi tilskipun gerir engan veginn þá kröfu til aðildarríkjanna að þau takist á hendur eftirlit með hverju og einu þessara félaga.
- 4) Bein samkeppni ríkir á milli váttryggingafélaga á almennum váttryggingamarkaði og því verða reglur, sem gilda um fjármagnsþörf, að vera sambærilegar. Því má ekki láta aðildarríkjunum eftir að ákveða viðmiðanir um viðbótareftirlit að eigin geðþótta. Hagsmunum bandalagsins verður best borgið með því að setja sameiginlegar grundvallarreglur því að það kemur í veg fyrir röskun á samkeppni. Nauðsynlegt er að uppræta tiltekna sundurleitni í lögum aðildarríkjanna að því er varðar varfærnisreglurnar sem váttryggingafélög, sem eru hluti af váttryggingahópi, falla undir.
- 5) Aðferðin, sem hefur orðið fyrir valinu, felst í því að samhæfa þau atriði sem mestu máli skipta að því marki sem með þarf til að gagnkvæm viðurkenning náist á eftirlitskerfum á þessu sviði. Markmiðið með þessari tilskipun er einkum að vernda hagsmuni váttryggðra einstaklinga.
- 6) Lágmarkskröfur eru skilgreindar í tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar. Heimaríki getur sett strangari reglur fyrir þau váttryggingafélög sem hafa starfsleyfi frá yfirvöldum ríkisins.
- 7) Þessi tilskipun kveður á um viðbótareftirlit með sérhverju váttryggingafélagi sem er hluteignarfélag að minnsta kosti eins váttryggingafélags, endurtryggingafélags eða váttryggingafélags utan bandalagsins og, samkvæmt öðrum reglum, um viðbótareftirlit með sérhverju váttryggingafélagi sem á að móðurfélagi

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 341, 19.12.1995, bls. 16 og Stjtið. EB C 108, 7.4.1998, bls. 48.

(2) Stjtið. EB C 174, 17.6.1996, bls. 16.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 23. október 1997 (Stjtið. EB C 339, 10.11.1997, bls. 136), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. mars 1998 (Stjtið. EB C 204, 30.6.1998, bls. 1), ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. september 1998 (Stjtið. EB C 313, 12.10.1998) og ákvörðun ráðsins frá 13. október 1998.

(4) Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

(5) Stjtið. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.

(6) Stjtið. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.

(7) Stjtið. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.

eignarhaldsfélag á váttryggingasviði, endurtryggingafélag, váttryggingafélag utan bandalagsins eða blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði. Engu að síður heldur eftirlit lögbærra yfirvalda með einstökum váttryggingafélögum áfram að vera grundvallarþáttur váttryggingaefitirlits.

- 8) Nauðsynlegt er að reikna aðlagð umframgjaldþol váttryggingafélaga sem eru hluti af váttryggingahópi. Lögbær yfirvöld innan bandalagsins beita mismunandi aðferðum við að meta áhrifin sem aðild váttryggingafélags að váttryggingahópi hefur á fjárhagsstöðu þess. Þessi tilskipun mælir fyrir um þrjár aðferðir við þennan útreikning. Það er viðurkennd meginregla að þessar aðferðir séu samsvarandi frá varfærnis sjónarmiði.
- 9) Gjaldþol tengds váttryggingafélags, sem er dótturfélag eignarhaldsfélags á váttryggingasviði, endurtryggingafélags eða váttryggingafélags utan bandalagsins, kann að verða fyrir áhrifum af fjármagni hópsins sem það er hluti af og dreifingu fjármagns innan þess hóps. Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi aðstöðu til að annast viðbótareftirlit og gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart váttryggingafélagi ef gjaldþoli þess er eða kann að verða stofnað í hættu.
- 10) Lögbær yfirvöld ættu að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem koma að gagni við viðbótareftirlit. Koma ber á samstarfi milli yfirvalda sem annast eftirlit með váttryggingafélögum og á milli þessara yfirvalda og yfirvalda sem annast eftirlit á öðrum fjármálasviðum.
- 11) Viðskipti innan hópsins geta haft áhrif á fjárhagsstöðu váttryggingafélags. Lögbær yfirvöld ættu að hafa aðstöðu til að annast almennt eftirlit með tilteknum aðgerðum af þessu tagi innan hóps og gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart váttryggingafélagi ef gjaldþoli þess er eða kann að verða stofnað í hættu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „váttryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE;
- b) „váttryggingafélag utan bandalagsins“: félag sem þyrfti starfsleyfi í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE ef skráð skrifstofa þess væri innan bandalagsins;

- c) „endurtryggingafélag“: félag, annað en váttryggingafélag, innan eða utan bandalagsins, sem hefur það að meginmarkmiði að taka á sig áhættur sem váttryggingafélag, innan eða utan bandalagsins, eða önnur endurtryggingafélög hafa látið frá sér;
- d) „móðurfélag“: móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE ⁽¹⁾ og hvert það fyrirtæki sem að mati lögbærra yfirvalda hefur raunveruleg yfirráð yfir öðru fyrirtæki;
- e) „dótturfélag“: dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem lögbær yfirvöld telja að móðurfélag hafi raunveruleg yfirráð yfir. Einnig ber að líta á öll dótturfélög dótturfélaga sem dótturfélög móðurfélagsins sem er höfuð þessara félaga;
- f) „hlutdeild“: hlutdeild samkvæmt skilgreiningu fyrsta málsliðar 17. gr. tilskipunar 78/660/EBE ⁽²⁾ eða bein eða óbein eignaraðild, sem nemur 20 % eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé, í fyrirtæki;
- g) „hluteignarfélag“: félag sem er annaðhvort móðurfélag eða annað félag sem á hlutdeild í öðru félagi;
- h) „tengt félag“: annaðhvort dótturfélag eða annað félag sem önnur félög eiga hlutdeild í;
- i) „eignarhaldsfélag á váttryggingasviði“: móðurfélag sem hefur það að meginmarkmiði að komast yfir og eiga hlutdeild í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega váttryggingafélög, endurtryggingafélög eða váttryggingafélög utan bandalagsins og þar sem að minnsta kosti eitt dótturfélaganna er váttryggingafélag;
- j) „blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki váttryggingafélag innan eða utan bandalagsins, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á váttryggingasviði og á að minnsta kosti eitt váttryggingafélag meðal dótturfélaganna;
- k) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild til að hafa eftirlit með váttryggingafélögum samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum.

2. gr.

Viðbótareftirliti með váttryggingafélögum beitt

1. Auk ákvæða tilskipana 73/239/EBE og 79/267/EBE, þar sem mælt er fyrir um reglur um eftirlit með

(1) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(2) Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

vátryggingafélögum, skulu aðildarríkin hafa eftirlit með sérhverju vátryggingafélagi sem er hluteignarfélag að minnsta kosti eins vátryggingafélags, endurtryggingafélags eða vátryggingafélags utan bandalagsins á þann hátt sem lýst er í 5., 6., 8. og 9. gr.

2. Sérhvert vátryggingafélag, sem á að móðurfélagi eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, endurtryggingafélag eða vátryggingafélag utan bandalagsins, skal falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. og í 6., 8. og 10. gr.

3. Sérhvert vátryggingafélag, sem á að móðurfélagi blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, skal falla undir viðbótareftirlit á þann hátt sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. og í 6. og 8. gr.

3. gr.

Umfang viðbótareftirlits

1. Framkvæmd viðbótareftirlits, í samræmi við 2. gr., gerir engan veginn þá kröfu á hendur lögbærum yfirvöldum að þau takist á hendur eftirlit með einstökum vátryggingafélögum utan bandalagsins, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða endurtryggingafélögum.

2. Við viðbótareftirlit skal tekið tillit til:

- félaga sem eru tengd vátryggingafélaginu,
- hluteignarfélaga vátryggingafélagsins,
- félaga sem eru tengd hluteignarfélagi vátryggingafélagsins,

sem um getur í 5., 6., 8., 9. og 10. gr.

3. Við viðbótareftirlitið, sem um getur í 2. gr., er aðildarríkjunum heimilt að ákveða að taka ekki tillit til félaga með skráða skrifstofu utan bandalagsins ef lagalegar hömlur eru á því að komast yfir nauðsynlegar upplýsingar, samanber þó ákvæði liðar 2.5 í I. viðauka og 4. liðar í II. viðauka.

Enn fremur er lögbærum yfirvöldum, sem annast viðbótareftirlit, heimilt, í þeim tilvikum sem talin eru upp hér á eftir, að ákveða í einstökum tilvikum að taka ekki tillit til félags við viðbótareftirlitið sem um getur í 2. gr.:

- ef félagið hefur litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum,
- ef það væri óviðeigandi eða villandi að taka tillit til fjárhagsstöðu félagsins að því er varðar markmið viðbótareftirlitsins með vátryggingafélögum.

4. gr.

Lögbær yfirvöld sem skulu annast viðbótareftirlit

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vátryggingafélaginu hefur verið veitt starfsleyfi yfirvalda samkvæmt 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE, skulu annast viðbótareftirlitið.

2. Ef vátryggingafélög, sem hafa starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, eiga að móðurfélagi sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, endurtryggingafélag, vátryggingafélag utan bandalagsins eða blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði er lögbærum yfirvöldum í viðkomandi aðildarríkjum heimilt að komast að samkomulagi um hvert þeirra eigi að annast viðbótareftirlitið.

3. Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald, sem hefur eftirlit með vátryggingafélögum og endurtryggingafélögum, skal það aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmingu milli þessara yfirvalda.

5. gr.

Framboð upplýsinga og gæði þeirra

1. Aðildarríkin skulu fyrirskipa að lögbær yfirvöld fari fram á að í sérhverju vátryggingafélagi, sem fellur undir viðbótareftirlit, sé fullnægjandi innra eftirlitskerfi til að unnt sé að leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna viðbótareftirlitsins.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að engar lagalegar hömlur innan lögsögu þeirra varni því að félögin sem falla undir viðbótareftirlit og tengd félög og hluteignarfélög þeirra, miðli sín á milli nauðsynlegum upplýsingum vegna slíks viðbótareftirlits.

6. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbær yfirvöld þeirra, sem annast viðbótareftirlit, skuli hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlits með vátryggingafélagi sem fellur undir slíkt viðbótareftirlit. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að snúa sér beint til viðkomandi félaga, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga hafi verið beðið um slíkar upplýsingar frá vátryggingafélaginu en þær ekki verið veittar.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að sannprófa á vettvangi, innan yfirráðasvæða þeirra, sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.:

- hjá váttryggingafélaginu sem fellur undir viðbótartefirlitið,
- hjá dótturfélögum þess váttryggingafélags,
- hjá móðurfélögum þess váttryggingafélags,
- hjá dótturfélögum móðurfélags þess váttryggingafélags.

3. Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska eftir því í ákveðnum tilvikum, þegar þessari grein er beitt, að fá staðfestar mikilvægar upplýsingar um félag sem hefur aðsetur í öðru aðildarríki og er tengt váttryggingafélag, dótturfélag, móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags váttryggingafélagsins sem fellur undir viðbótartefirlit þurfa þau að fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að fá þessa staðfestingu. Yfirvöldin, sem fá slíka beiðni, verða að bregðast við henni innan marka lögsögu sinnar með því að veita staðfestinguna sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum, sem lögðu beiðnina fram, eða endurskoðanda eða sérfræðingi að afla hennar.

7. gr.

Samvinna milli lögbærra yfirvalda

1. Ef váttryggingafélög, sem stofnuð eru í mismunandi aðildarríkjum, tengjast beint eða óbeint eða eiga sama hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna senda hvert öðru, að beiðni hinna, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera kleift eða auðvelda eftirlit samkvæmt þessari tilskipun og senda að eigin frumkvæði allar upplýsingar sem þeim virðast mikilvægar fyrir lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna.

2. Ef váttryggingafélag og annaðhvort lánastofnun, eins og hún er skilgreind í tilskipun 77/780/EBE ⁽¹⁾, eða fjárfestingarfyrirtæki, eins og það er skilgreint í tilskipun 93/22/EBE ⁽²⁾, eða hvort tveggja, tengjast beint eða óbeint eða eiga sama hluteignarfélag skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld, sem annast opinbert eftirlit með hinum félögum, hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru upplýsingar sem kunna að auðvelda störf þeirra, einkum innan ramma þessarar tilskipunar.

3. Um upplýsingarnar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, einkum upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir þagnarskylda eins og kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE.

⁽¹⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lána- stofnana (Stjtið. EB L 322, 17.12.1977, bls. 30). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/13/EB (Stjtið. EB L 66, 16.3.1996, bls. 15).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta (Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/9/EB (Stjtið. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

8. gr.

Viðskipti innan hópsins

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbær yfirvöld hafi almennt eftirlit með viðskiptum milli:

- a) váttryggingafélags og:
 - i) félags sem er tengt váttryggingafélaginu,
 - ii) hluteignarfélags váttryggingafélagsins,
 - iii) félags sem er tengt hluteignarfélagi váttryggingafélagsins,
- b) váttryggingafélags og einstaklings sem á hlutdeild í:
 - i) váttryggingafélaginu eða einhverju félagi því tengdu,
 - ii) hluteignarfélagi váttryggingafélagsins,
 - iii) félagi sem er tengt hluteignarfélagi váttryggingafélagsins.

Þessi viðskipti varða einkum:

- lán,
- ábyrgðir og liði utan efnahagsreiknings,
- liði sem geta verið hluti af gjaldþoli,
- fjárfestingar,
- endurtryggingaviðskipti,
- samninga um kostnaðarskiptingu.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin krefjast þess að váttryggingafélögin tilkynni að minnsta kosti árlega lögbærum yfirvöldum um mikilvæg viðskipti, eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Ef, á grundvelli þessara upplýsinga, svo virðist sem gjaldþoli váttryggingafélagsins sé, eða kynni að verða, stofnað í hættu skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart váttryggingafélaginu.

9. gr.

Krafa um aðlagað umframgjaldþol

1. Í tilvikinu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að aðlagað umframgjaldþol sé reiknað í samræmi við I. viðauka.

2. Útreikningurinn, sem um getur í 1. mgr., skal taka til allra tengdra félaga, hluteignarfélaga og félaga sem eru tengd hluteignarfélagi.

3. Sýni útreikningurinn, sem um getur í 1. mgr., fram á að aðlagð umframgjaldþol sé neikvætt skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart váttryggingafélaginu sem um ræðir.

10. gr.

Endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði og váttryggingafélög utan bandalagsins

1. Í tilvikinu, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að aðferð við viðbótareftirlit verði beitt í samræmi við II. viðauka.

2. Í tilvikinu, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skal útreikningurinn taka til allra félaga sem eru tengd eignarhaldsfélaginu á váttryggingasviði, endurtryggingafélaginu eða váttryggingafélagi utan bandalagsins, á þann hátt sem kveðið er á um í II. viðauka.

3. Úrskurði lögbær yfirvöld á grundvelli þessara útreikninga að gjaldþoli váttryggingafélags, sem er dótturfélag eignarhaldsfélagsins á váttryggingasviði, endurtryggingafélagsins eða váttryggingafélags utan bandalagsins, sé eða muni verða stofnað í hættu skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart því váttryggingafélagi.

11. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júní 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að ákvæðin, sem um getur í 1. mgr., skuli fyrst gilda um reikningseftirlit fyrir fjárhagsárin sem hefjast 1. janúar 2001 eða á því almanaksári.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. Eigi síðar en 1. janúar 2006 skal framkvæmdastjórnin afhenda váttrygginganefndinni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og, ef ástæða er til, um þörf á frekari samræmingu.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. október 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J.M. GIL-ROBLES

E. HOSTASCH

forseti.

forseti.

I. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á AÐLÖGUÐU UMFRAMGJALDPOLI VÁTRYGGINGAFÉLAGA

1. VAL Á ÚTREIKNINGSAÐFERÐ OG ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR

A. Aðildarríkin skulu kveða á um að reikna skuli aðlagð umframgjaldpól vátryggingafélaga, sem um getur í 1. mgr. 2 gr., í samræmi við eina af aðferðunum sem lýst er í 3. lið. Aðildarríki er þó heimilt að kveða á um að lögbær yfirvöld geti heimilað eða fyrirskipað að beitt sé annarri aðferð í 3. lið en þeirri sem aðildarríkið kaus.

B. **Hlutfall**

Þegar aðlagð umframgjaldpól vátryggingafélags er reiknað skal tekið tillit til hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins í félögum því tengdum.

„Hlutfallslegur eignarhluti“ merkir annaðhvort, ef beitt er aðferð 1 eða 2 sem lýst er í 3. lið, hlutfall skráðs hlutfjár sem hluteignarfélagið á beint eða óbeint eða, ef notuð er aðferð 3 í 3. lið, þá hundraðshluta sem notaðir eru við uppsetningu samstæðureikninganna.

Ef tengda félagið er hins vegar dótturfélag með ófullnægjandi gjaldpól verður að taka tillit til þess í heild, sama hvaða aðferð er beitt.

Telji lögbær yfirvöld á hinn bóginn að ábyrgð móðurfélags, sem á hlutfé í félaginu, sé skýrt og ótvírætt bundin við það hlutfé geta lögbær yfirvöld heimilað að hlutfallslega verði tekið tillit til ófullnægjandi gjaldpóls dótturfélagsins.

C. **Útilokun á tvínótkun gjaldpólsliða**C.1. *Almenn meðferð gjaldpólsliða*

Án tillits til aðferðarinnar, sem notuð er til að reikna aðlagð umframgjaldpól vátryggingafélags, verður að útiloka tvínótkun liða sem geta verið hluti af gjaldpóli hinna ýmsu vátryggingafélaga sem tekið er tillit til í útreikningnum.

Í því skyni skal, þegar reiknað er út aðlagð umframgjaldpól vátryggingafélags og ekki er kveðið á um það í aðferðunum sem lýst er í 3. lið, sleppa eftirtöldum upphæðum:

- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélagsins, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldpóli eins af tengdum vátryggingafélögum þess,
- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldpóli vátryggingafélagsins,
- verðmæti sérhverrar eignar vátryggingafélags, sem er tengt vátryggingafélaginu, sem ætlað er að fjármagna liði með, sem geta verið hluti af gjaldpóli einhvers annars vátryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu.

C.2. *Meðferð tiltekinna liða*

Með fyrirvara um ákvæði liðar C.1 má aðeins taka með í útreikninginn:

- ágóðaskuld og framtíðarhagnað, sem falla til hjá líftryggingafélagi, sem er tengt vátryggingafélaginu sem aðlagð umframgjaldpól er reiknað fyrir, og
- skráð, óinnborgað hlutfé vátryggingafélags sem er tengt vátryggingafélaginu sem aðlagð umframgjaldpól er reiknað fyrir,

að því marki sem það getur fullnægt gjaldpólskröfu þess tengda félags. Þó skal skráð, óinnborgað hlutfé, sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið, alls ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé hluteignarfélags á váttryggingasviði, sem hugsanlega skuldbindur tengt váttryggingafélag, skal heldur ekki tekið með við útreikninginn.

Skráð, óinnborgað hlutafé tengds váttryggingafélags, sem hugsanlega skuldbindur annað tengt váttryggingafélag sama hluteignarfélags á váttryggingasviði, skal ekki tekið með við útreikninginn.

C.3. Framsalshæfi

Telji lögbær yfirvöld að tilteknir liðir, sem geta verið hluti af gjaldþoli tengds váttryggingafélags og ekki er getið um í lið C.2, séu ekki raunverulega til umráða til að fullnægja gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins á váttryggingasviði, sem verið er að reikna aðlagð umframgjaldþol fyrir, má aðeins taka þessa liði með við útreikninginn að því marki sem þeir geta fullnægt gjaldþolskröfu tengda félagsins.

C.4. Samtala liðanna, sem um getur í liðum C.2 og C.3, má ekki vera hærri en gjaldþolskrafa tengda váttryggingafélagsins.

D. Útilokun fjármögnunar innan hópsins

Þegar aðlagð umframgjaldþol er reiknað skal ekki taka tillit til neinna liða sem geta verið hluti af gjaldþoli og til falla við gagnkvæma fjármögnun váttryggingafélagsins og:

- tengds félags,
- hluteignarfélags,
- annars félags sem er tengt einhverju hluteignarfélagi þess.

Enn fremur skal ekki tekið tillit til neinna liða, sem geta verið hluti af gjaldþoli váttryggingafélags sem er tengt váttryggingafélaginu, sem aðlagð umframgjaldþol er reiknað fyrir, þegar viðkomandi liður fellur til við gagnkvæma fjármögnun með öðru tengdu félagi þess váttryggingafélags.

Sérstaklega er um að ræða gagnkvæma fjármögnun þegar váttryggingafélag, eða eitthvert félag því tengt, á hlutabréf í eða veitir lán öðru félagi sem beint eða óbeint ræður yfir lið sem getur verið hluti af gjaldþoli fyrrnefnda félagsins.

E. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að aðlagð umframgjaldþol sé reiknað jafnoft og gjaldþol váttryggingafélaga skal reiknað samkvæmt tilskipunum 73/239/EBE og 79/267/EBE. Verðmæti eigna og skulda skal metið samkvæmt viðeigandi ákvæðum tilskipana 73/239/EBE, 79/267/EBE og 91/674/EBE ⁽¹⁾.

2. BEITING ÚTREIKNINGSADFERÐA

2.1. Tengd váttryggingafélög

Aðlagð umframgjaldþol skal reiknað í samræmi við almennu grundvallarreglurnar og aðferðir sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Samkvæmt öllum aðferðunum skal, þegar váttryggingafélag er tengt fleiri en einu váttryggingafélagi, reikna aðlagð umframgjaldþol þess með hliðsjón af hverju og einu þessara tengdu váttryggingafélaga.

Þegar um er að ræða raðtengda hlutdeild (ef váttryggingafélag er til dæmis hluteignarfélag annars váttryggingafélags sem sjálft er hluteignarfélag váttryggingafélags) skal aðlagð

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga (Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

umframgjaldþol reiknað fyrir hvert hluteignarfélag á váttryggingasviði sem er tengt að minnsta kosti einu váttryggingafélagi.

Aðildarríkin geta heimilað að útreikningi á aðlöguðu umframgjaldþoli váttryggingafélags sé sleppt:

- ef félagið er tengt öðru váttryggingafélagi með starfsleyfi í sama aðildarríki og tekið er tillit til félagsins sem það er tengt þegar aðlagð umframgjaldþol hluteignarfélagsins á váttryggingasviði er reiknað, eða
- ef váttryggingafélagið er tengt annaðhvort eignarhaldsfélagi á váttryggingasviði eða endurtryggingafélagi með skráða skrifstofu í sama aðildarríki og váttryggingafélagið og við útreikninginn er bæði tekið tillit til eignarhaldsfélagsins á váttryggingasviði eða endurtryggingafélagsins og tengda váttryggingafélagsins.

